Sþ. **545. Tillaga til þingsályktunar**

um verzlunarrekstur ríkisins.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Magnús Jónsson, Erl. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því, hvort ekki sé tiltækilegt að sameina verzlunarrekstur ríkisins í eina heild, með það fyrir augum, að sem mestum sparnaði verði við komið í rekstrinum, og leggja álit sitt og tillögur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

G r e i n a r g e r ð.

Efni þessarar þingsályktunartillögu er fram komið í brtt. við frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, á þskj. 435, 2. tölul. Þykir réttara að bera þetta fram í þáltill.